

Góðan daginn ágæta fólk. Ég skrifa þennan póst fyrir hönd stjórnar  
Björgunarsveitarinnar Brákar þar sem ég starfa sem gjaldkeri.

Nú í byrjun vikunnar urðu þau ánægjulegu tíðindi að við í Brák lukum síðasta stóra  
verkinu við nýbygginguna okkar á Fitjunum þegar lóðin í kring um húsið var  
malbikuð. Ýmis smærri frágangsatíði eru eftir en við erum rétt að ná landi með  
húsbygginguna. Nú þegar við erum búin að láta malbika og gera fínt í kring um  
okkur stingur enn meira í augun að gatan okkar, Fitjarnar, er algjörlega óklár,  
einhverjir myndu jafnvel kunna að halda því fram að varla væri hægt að tala um  
götu. Þar hefur ástandið bara versnað síðustu vikur á meðan fráveituframkvæmdir  
hafa staðið yfir við Snæfellsnesveginn og nú er svo komið að gatan er ekki annað en  
holótt forarsvað eftir mikla umferð vinnuvéla og vörubíla. Því er fyrsta spurning,  
væruð þið ekki til í að láta keyra í götuna einhverju af góðri mól til að hún verði  
þokkalega umferðarfær?

Næsta mál og kannski aðalmálið er þetta: við viljum þrýsta á að það komist á  
fjárhags- og framkvæmdaáætlun að gatan verði kláruð næsta sumar, með tilheyrandi  
bundnu slitlagi, lýsingu og því sem tilheyrir almennum innanbæjargötum. Okkur  
finnst að það hljóti að fara að koma tími á það, nú í vor verða t.d. átta ár síðan  
sveitarfélagið af rausn gaf Brák lóðina og því fyllilega tímabært að ljúka  
götunni. Þess utan eru Fitjarnar ein af örfáum götum á vegum Borgarbyggðar sem  
er ófrágengin, jafnvel sú eina, allavega sú eina í Borgarnesi. Enn má nefna að við  
höfum verið að leigja út samkomusalinn í húsinu hjá okkur til tekjuöflunar og  
lagfæring á götunni myndi styðja þá viðleitni.

Við óskum eftir því að þetta erindi verði tekið fyrir í sveitarstjórn.

Við vonum að erindið fái góðan hljómgrunn og að sveitarfélagið standi myndarlega  
að þessu verki, gatan er enda ein sú stysta í Borgarnesi, ekki nema ca. 50 metrar,  
og því ætti þessi framkvæmd að vera tiltölulega ódýr.

Fyrir hönd stjórnar Bjsv. Brákar,

Einar G. G. Pálsson

Gjaldkeri

